

# EFTIRLITSSKÝRSLA ÍSAL

<b>Dagsetning</b>	25. maí 2011	<b>Fulltrúi(ar) UST</b>	Ólafur Kristinn Tryggvason
<b>Fyrirtæki</b>	Alcan á Íslandi hf.	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	1. nóvember 2020
<b>Heimilisfang</b>	Straumsvík Hafnarfirði	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	680466-0179	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Fannar Jónsson
<b>Isat nr.</b>	24.42.0	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	
<b>Starfsemi</b>	Framleiðsla á áli		

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Áður en sjálft eftirlitið hófst var haldinn samstarfsfundur Alcans, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs og Umhverfisstofnunar þar sem vöktunarmál fyrirtækisins eru til umfjöllunar.

Að samstarfsfundinum loknum hófst reglubundið eftirlit með starfsemi fyrirtækisins á stuttum fundi fulltrúa ÍSAL og Umhverfisstofnunar. Þar var farið yfir gögn sem fyrirtækið hefur skilað til Umhverfisstofnunar í samræmi við starfsleyfi. Einnig var farið yfir niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu og ákvæði í starfsleyfi. Búið var að fara yfir ýmis gögn er varða vöktunarmál á áðurnefndum samstarfsfundi.

Að fundi loknum var farið í eftirlit um fyrirtækið. Farið var í gegn um fyrirhugaðar breytingar á steypuskála þegar farið verður í að steypa svo nefnda bolta í mismunandi stærðum (langa sívalninga) í stað hinna hefðbundnu barra sem nú eru steyptir þar.

## FRÁVIK

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu.

## Athugasemd 1:

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.



## Önnur atriði:

Áætlað er að yfirstandandi framkvæmdum við straumhækkun í rafgreiningarkerjum fyrirtækisins ljúki um mitt næsta ár og eykst þá framleiðslugetan verulega ef áætlanir standast eða upp í 228 þúsund tonn á ári. Eftir þessar breytingar verða bara tveir strompar í stað fjögurra sem hefur þar af leiðandi í för með sér minni hávaða.

Gert er ráð fyrir að áðurnefndar breytingar á steypuskála verði hálfnaðar á næsta ári og að fullu lokið árið 2014.

Reykjavík, 23/08/2011

---

Ólafur Kristinn Tryggvason